

Nr. 129 / 10 Selfoss**Skipverji slasast á öxl**

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS



Selfoss©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2010 var Selfoss við bryggju í Rotterdam. Veður: .

Skipverji ætlaði að tengja frystigám sem var í annarri hæð á sjöttu lúgu. Hann fór upp á sjóbúnaðarstangir og stóð á „krossinum“ sem stangirnar mynda og hélt sér í kapalskáp gámsins. Annar fóturinn rann til á stönginni svo skipverjinn missti fótanna en hékk á báðum höndum og við það kom slinkur á hægri handlegg. Kenndi hann eymsla í öxlinni en hélt áfram störfum.

Við rannsókn kom fram:

- að „krossinn“ þar sem stangirnar koma saman er í meira en 120 sm hæð;
- að skipverjinn var einn við verkið;
- að slasaði sagði að þegar hann væri einn við slíkt verk þá treysti hann ekki á að nota stiga þegar enginn er til að halda við hann;
- að slasaði taldi að slor á annarri stönginni hafi valdið því að hann féll;
- að fram kom að sama verklag hafi ávallt verið notað við þessa vinnu og ekki vitað til þess að sambærilegt slys hafi átt sér stað hjá útgerðinni. Öryggisdeild útgerðarinnar endurmat verklagið eftir slysið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.